

1998

Mánudaginn 3. júní 1996.

Nr. 151/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Lindu Dögg Ragnarsdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Gerði Yrju Ólafsdóttur

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Björgu Önnu Skúladóttur

(Páll Arnór Pálsson hrl.) og

Rakel Björk Gunnarsdóttur

(Jón Magnússon hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1996. Samkvæmt áfrýjunarstefnu óska allar ákærðu endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Af hálfu ákærvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar, að því er allar ákærðu varðar.

I.

Með bréfi 20. maí 1996 vakti skipaður verjandi ákærðu Lindu Daggar athygli Hæstaréttar á því, að 31. janúar 1996 hefði Ingi Tryggvason, fulltrúi við Héraðsdóm Vesturlands, kveðið upp úrskurð um framlengingu gæsluvarðhalds yfir ákærðu. Úrskurðurinn hefði verið byggður á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Málið hefði síðan verið þingfest í héraði 14. febrúar, og hefði sami dómarafulltrúi háð þinghaldið og birt ákæruna. Heldur verjandinn því fram, að þessi meðferð eigi vegna efnis síðari málsliðar 6. gr. laga nr. 19/1991 að varða því, að Hæstaréttur ómerki dóm og málsmeðferð í héraði án kröfu.

Af hálfu ríkissaksóknara er á það fallist, að dómarafulltrúinn hafi verið vanhæfur til að fara með málið í þinghaldi 14. febrúar, og sé þetta galli á málsmeðferðinni. Hins vegar er því haldið fram, að þessi galli sé svo óverulegur, að hann geti ekki varðað ómerkingu málsmeðferðarinnar samkvæmt 1. mgr. 156. gr. laga nr. 19/1991.

Við Héraðsdóm Vesturlands starfa aðeins tveir lögfræðingar, héraðsdómari og fulltrúi hans, sá er áður er á minnst. Samkvæmt gögnum málsins var boðað til þinghaldsins 14. febrúar 1996 í því skyni að birta ákæru og leggja fram skjöl, og var það gert. Beðið var hins vegar með að fá afstöðu ákærðu til sakarefnisins. Fallist er á það með verjanda Lindu Daggar, að samkvæmt síðari málslið 6. gr. laga nr. 19/1991 hafi dómarafulltrúinn verið vanhæfur til að fara með málið. Samkvæmt fyrri málslið greinarinnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber dómara, sem vikið hefur sæti, að halda máli í réttu horfi, þar til annar dómari tekur við. Með hliðsjón af þessu ákvæði þykja þau afskipti, sem fulltrúinn hafði af málinu, ekki horfa til þeirra málsspjalla, að ómerkja þurfi málsmeðferðina alla þess vegna. Á það verður hins vegar að fallast, að réttara hefði verið, að annar dómari þingfesti málið.

II.

Héraðsdómari Vesturlands tók við málinu af fulltrúa sínum í þinghaldi 20. febrúar 1996 og lauk dómsmeðferð þess. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995, starfar dómarafulltrúi við Héraðsdómstól Vesturlands í umboði og á ábyrgð héraðsdómarans. Samkvæmt athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi að lögum nr. 80/1995, er ráð fyrir því gert, að dómarafulltrúi leysi úr störfum sínum í eigin nafni, þótt þau séu unnin í lögbundnu umboði yfirmanns. Fulltrúarnir eiga að framkvæma dómsathafnir sínar í skjóli valds yfirmannsins. Löggið þessi byggist á þeim grundvelli, að dómarafulltrúastöðurnar séu starfspjálfunarstöður, eins og sagði í athugasemdum við þetta ákvæði, áður en því var breytt 1995. Ekki verður séð, að ætlunin hafi verið að breyta því fyrirkomulagi með lögum nr. 80/1995. Dómarafulltrúar eiga því að fá leiðbeiningar yfirmanna sinna og vera undir eftirliti þeirra.

Síðari málsliður 6. gr. laga nr. 19/1991 um vanhæfi dómara, sem

hefur úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, í gæsluvarðhald samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laganna, er reistur á því, að óhjákvæmilegt hafi verið fyrir dómarann að taka einhverja afstöðu til sektar eða sakleysis ákærða við þá úrlausn. Hann hafi á rannsóknarstigi málsins haft þau afskipti af því, að telja meg, að hann hafi þegar myndað sér skoðun um sekt ákærða og teljist því ekki óhlutdrægur dómari í málinu eftir ákæru.

Dómarafulltrúinn, sem kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurð þann, sem verjandi Lindu Daggar ber fyrir sig, gerði það í skjóli valds héraðsdómarans, sem lauk endanlegum efnisdómi á málið. Ákært var fyrir alvarlegar sakargiftir, og er málið vandmeðfarið frá sönnunarsjónarmiði. Héraðsdómarinn hafði fengið dómarafulltrúanum það verkefni að leggja úrskurð á ágreining um gæsluvarðhaldið og hafði vald til að leiðbeina honum, og til dómarans var eðlilegt, að fulltrúinn leitaði um ráð í þessu vandmeðfarna máli. Í málinu liggur ekki fyrir, að héraðsdómarinn hafi haft raunveruleg áhrif á störf dómarafulltrúans. Hins vegar er ekki óeðlilegt, að ákærðu geti haft af því beyg, að sú hafi verið raunin og að héraðsdómarinn væri ekki óvilhallur vegna fyrri afskipta embættis hans af málinu. Telja verður, eins og hér hagar til, að sá beygur geti verið á rökum reistur frá hlutlægu sjónarmiði. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, og 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, sbr. og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögleiddur var með lögum nr. 62/1994, verður því að telja héraðsdómarann vanhæfan til að fara með málið. Samkvæmt heimild í 1. mgr. 156. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 16. gr. laga nr. 37/1994, er rétt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferðina í héraði í heild og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, þar sem héraðsdómarinn og fulltrúi hans hafi ekki að réttum lögum mátt fara með málið.

D ó m s o r ð :

Ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferðina í héraði og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

S é r a t k v æ ð i
Gunnlaugs Claessen og
Hjartar Torfasonar

Við erum samþykkir umfjöllun meiri hluta Hæstaréttar fram að II. kafla dómsins.

Með lögum nr. 80/1995 var breytt 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Varðar sú grein dómarafulltrúa og stöðu þeirra. Tilefni breytingarinnar var dómur Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994. Var hún í fyrsta lagi gerð til að tryggja það, að sjálfstæði dómarafulltrúa gagnvart framkvæmdarvaldinu yrði ekki í efa dregið, og í annan stað voru heimildir dómarafulltrúa til að annast dómsathafnir takmarkaðar með lögum þessum frá því, sem tíðkast hafði um langan tíma.

Eftir sem áður er dómarafulltrúum enn heimilt að framkvæma margs konar dómsathafnir, þar á meðal að kveða upp rannsóknarúrskurði í opinberum málum. Í nefndarálini allsherjarnefndar Alþingis um frumvarp það, sem varð að lögum nr. 80/1995, var sérstaklega tekið fram, að þótt fallast mætti á, að óæskilegt væri, að dómarafulltrúar kvæðu upp gæsluvarðhaldsúrskurði, væri ekki unnt vegna aðstæðna utan Reykjavíkur að takmarka með lögum heimildir fulltrúa til að kveða upp slíka úrskurði. Ekki var þess getið, að annað ætti við að þessu leyti um gæsluvarðhaldsúrskurði, sem reistir væru á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, en aðra úrskurði um gæsluvarðhald.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 92/1989, er ráðagerð um, að meiri áhersla verði lögð á starfsþjálfun dómarafulltrúa en verið hafi. Í nefndarálini með frumvarpi til laga nr. 80/1995 kemur fram, að reynslan hafi hins vegar orðið sú, að dómarafulltrúar hafi fram til þessa farið nánast með samsvarandi störf og embættisdómarar. Það byggist á þeirri staðreynd, að við héraðsdómstólana hafi starfað margir fulltrúar með áralanga þjálfun og reynslu af dómstörfum og sumir haft setningu sem dómarar í lengri eða skemmri tíma. Í reynd hafi þeir unnið sjálfstætt að dómstörfum.

Eftir þá breytingu, sem varð á stöðu dómarafulltrúa með lögum

nr. 80/1995, hefur þetta eðli starfa þeirra ekki breyst, þótt þeim dómsathöfnum hafi fækkað, sem starfsumboð þeirra nær til. Í lögnum er nú tekið fram, að dómarafulltrúar starfi á ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara, þar sem ekki er skipaður dómstjóri. Héraðsdómarar úthluta dómarafulltrúum verkefnum. Engu að síður leysa dómarafulltrúar úr störfum sínum í eigin nafni, þótt þau séu unnin í lögbundnu umboði yfirmanns. Sú staða er því almennt ekki fyrir hendi, að ákvarðanir um þær dómsathafnir, sem dómarafulltrúar framkvæma í eigin nafni, séu teknar af öðrum en þeim sjálfum. Byggist það í senn á þeirri reynslu, sem þeir almennt búa yfir í starfi, og því sjálfstæði, sem þeir hafa í reynd notið við framkvæmd starfa sinna og getið er að framan. Jafnframt er á það að líta, að þetta sjálfstæði fulltrúanna hefur að sínu leyti helgast af því grundvallarskilyrði 1. málslíðar 61. gr. stjórnarskrárinnar, að dómendur skuli í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögnum. Verður að ætla, að við umrædda lagabreytingu hafi löggjafinn viljað taka tillit til þess, að dómarafulltrúar yrðu að vera því vaxnir að uppfylla þetta skilyrði.

Ekki eru neinar vísbendingar um það, að héraðsdómarinn í máli þessu hafi haft afskipti af störfum fulltrúans, sem kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurð yfir ákærðu Lindu Dögg. Sú aðstaða er samkvæmt öllu framanröktu ekki uppi í máli þessu, að ákærða hafi haft réttmæta ástæðu til að telja héraðsdómarann vilhallan í málinu vegna fyrri afskipta fulltrúa hans af því. Á það við, hvort heldur litid er á málið frá huglægu eða hlutlægu sjónarmiði. Sú meginregla gildir jafnframt, að vanhæfi undirmanns til starfa, sem hér er fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1991, veldur ekki sjálfkrafa vanhæfi yfirmanns, en héraðsdómarinn tók við meðferð málsins eftir þingfestingu þess, svo sem getur í dómi meiri hluta Hæstaréttar. Hefur meðferð málsins því ekki verið andstæð fyrirmælum 70. gr. stjórnarskrárinnar um, að ákærða hlyti málsmeðferð fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, sbr. einnig 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Engin krafa hefur komið frá verjanda ákærðu Lindu Daggar um ómerkingu héraðsdóms, sem á þessum grunni er reist.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, teljum við ekki vera

2003

fram komnar ástæður, sem með réttu valdi vanhæfi héraðsdóm-
arans í máli þessu. Ber því að taka það til munnlegs flutnings og
dómsálagningar fyrir Hæstarétti.
